Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna

Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna: Myndband og fræðsluefni á tengjumst.hi.is

Dagmar Ólafsdóttir

Júní 2021

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna

Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna: Myndband og fræðsluefni á tengjumst.hi.is

Dagmar Ólafsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í kennslu samfélagsgreina

Leiðbeinandi: Kristín Jónsdóttir

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2021

Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna.
Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna:
Myndband og fræðsluefni á tengjumst.hi.is

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs
í faggreinakennslu samfélagsgreina við Deild faggreinakennslu,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2021, Dagmar Ólafsdóttir
Lokaverkefnið má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Vorið 2020 byrjaði ég að vinna að lokaverkefni sem sneri að nemendum af erlendum uppruna. Leiðbeinandi minn, Kristín Jónsdóttir, sem einnig er ritstjóri þessa verkefnis hafði samband við mig eftir að sú vinna hafði farið af stað til að kanna áhuga minn fyrir því að taka þátt í skapandi verkefni sem sneri að því að fræða fjölskyldur af erlendum uppruna um íslenskt skólastarf. Þar sem ég var lögð af stað í vinnu um sama hóp og hafði safnað saman ýmsu efni sem myndi nýtast vel í slíkt verkefni var ég ekki lengi að hugsa mig um. Þrír aðrir meistaranemar koma einnig að verkefninu en hér er um tengd verkefni að ræða sem snúa að fjórum þáttum sem snerta tengsl heimila og skóla.

Líkt og áður segir var Kristín Jónsdóttir, dósent í kennslufræði og deildarforseti við Deild kennslu- og menntunarfræði, leiðbeinandi verkefnis. Vil ég færa henni mínar bestu þakkir fyrir leiðbeiningar, yfirlestur og alla þolinmæðina sem hún sýndi mér við vinnuna. Einnig vil ég þakka henni kærlega fyrir að gefa mér tækifæri og treysta mér fyrir því að vera hluti af þessu skapandi verkefni. Sérfræðingar verkefnisins voru Hanna Ragnarsdóttir og Páll Ásgeir Torfason og kann ég þeim bestu þakkir fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Að auki vil ég þakka hinum þremur meistaranemunum sem tóku þátt í verkefninu fyrir góða samvinnu en án þeirra hefði vinnan ekki verið svona gefandi og skemmtileg. Að lokum vil ég þakka sambýlismanni mínum, Þórði Ragnari Þórðarsyni, fyrir alla þolinmæðina og hvatninguna á meðan á vinnunni stóða, ásamt elsku móður minni, Elsu Hafsteinsdóttur, sem á skilið allar heimsins þakkir fyrir að hjálpa til með son okkar á meðan á vinnunni stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 19. júní 2021

Dagmar Ólafsdóttir

Ágrip

Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna er myndband og vefsíða, eitt af fjórum meistaraverkefnum undir regnhlífinni *Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna*. Sameiginlegt markmið okkar var að búa til fræðsluefni fyrir foreldra til þess að styrkja tengsl þeirra og grunnskólanna, í þágu barnanna. Myndböndin eru á arabísku, íslensku, pólsku og spænsku og birt á vefnum tengjumst.hi.is.

Markmið þessa verkefnis er að fræða foreldra nemenda af erlendum uppruna um að virk þátttaka þeirra í skólastarfi barna sinna skili sér í bættum námsárangri og betri líðan. Ýmsar áætlanir eru til varðandi móttöku nemenda af erlendum uppruna og um aukinn rétt þeirra til íslenskukennslu en lesskilningur barna með íslensku sem annað tungumál hefur þrátt fyrir það farið versnandi síðustu ár. Verkefnið er byggt á líkani Epstein sem snýr að samstarfi skóla, fjölskyldna og samfélags. Niðurstöður rannsókna hafa bent á mikilvægi þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna en á sama tíma hefur verið fjallað um að foreldrasamstarf vegna nemenda af erlendum uppruna sé ekki nægilega sterkt í íslensku skólasamfélagi. Mikilvægt er að góð tengsl og gott samstarf sé á milli heimila og skóla en það skilar sér í betri líðan og bættum námsárangri nemenda. Styður það undir mikilvægi verkefnisins. Til þess að stuðla að auknu samstarfi þarf að vera gott upplýsingaflæði á milli aðila en myndbandið og vefsíðan geyma ítarlegar upplýsingar um skólastarf fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna og á fræðslan að ná yfir öll svæði landsins.

Vinnan að verkefninu opnaði augu mín fyrir mikilvægi þess að öll heimili hafi sama aðgang að upplýsingum sem snúa að grunnskólastarfi, um námið sjálft, félagslega stöðu nemenda og líðan þeirra. Mun ég taka þá vitneskju með mér inn í kennarastarfið. Myndbandið *Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna* er framleitt í samstarfi okkar fjögurra meistaranema, leiðbeinanda okkar, kvikmyndatökumanna af kennslusviði Háskóla Íslands, þýðenda og vina okkar sem léku í myndböndunum.

Abstract

Collaboration between schools and families regarding education and well-being of primary school children. Connect – teachers and parents of immigrant children.

Collaboration between schools and families regarding education and well-being of primary school children is a video and a website, one of four master projects, under the umbrella term: Connect – teachers and parents of children of foreign origin. Our common goal was to create educational material for parents to strengthen their relationship with primary schools, benefitting the students. The videos are in Arabic, Icelandic, Polish and Spanish and are published on the website tengjumst.hi.is. The aim of this project is to inform foreign parents about the importance of their active participation in their children's school work, resulting in improved academic work and better well-being. There are various agendas primary schools in Iceland use to welcome students of foreign origin, in addition to the fact that foreign students have an increased right to study the Icelandic language. In spite of this the reading comprehension of children with Icelandic as a second language has deteriorated in recent years. The project is based on the model Epstein evolved, which involves collaboration between schools, families and the community. Research has shown the importance of parents' participation in their children's schooling, but at the same time it has been discussed that parental cooperation of foreign origin is not strong enough in the Icelandic school community. Research has also indicated that good and active collaboration between homes and schools result in better well-being and improved academic achievement among students, which supports this project. In order to promote increased collaboration, there must be good flow of information between the parties. The video and the website contain detailed information about school work for families of foreign origin in all areas of the country. The work on this project opened my eyes to the importance of all households having the same access to information on primary schools, about education, students' social status and their well-being. I will take this knowledge with me into the teaching profession. The video *Cooperation between homes and schools on the learning and well-being of primary school children* is produced in collaboration between us, four master's students, our supervisor, cinematographers from the University of Iceland, translators and our friends who participated in the videos.

Efnisyfirlit

Formáli **3**
Ágrip **4**
Abstract **5**
Efnisyfirlit **6**
Myndaskrá **7**
1 Inngangur **8**
2 Gildi verkefnisins **9**
3 Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna **10**
3.1 Samstarfsaðilar 11
4 Fræðilegur inngangur **12**
4.1 Lykilhugtök 13
4.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi 14
4.3 Móttaka nemenda af erlendum uppruna 15
4.4 Staða nemenda af erlendum uppruna í íslensku skólakerfi 15
4.5 Líkan Epstein og foreldrasamstarf 16
4.6 Foreldrasamstarf vegna nemenda af erlendum uppruna 17
5 Aðferð **20**
5.1 Efniviður rannsóknar 20
5.2 Myndband sem miðill 20
5.3 Vinnuferlið 22
5.4 Handritið 22
6 Myndbandið *Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna* **24**
7 Vefsíðan **26**
8 Lokaorð **27**
Heimildaskrá **28**
Viðauki A: Handrit að myndbandi **31**
Viðauki Á: Skjáskot af forsíðu *tengjumst.hi.is* **39**
Viðauki B: Skjáskot af undirsíðunni *Nám og líðan* **40**
Viðauki D: Skjáskot af undirsíðunni *Um vefinn* **42**

Myndaskrá

Mynd 1 Vefurinn tengjumst.hi.is.....10

Mynd 2 Myndbandið Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna.....24

Mynd 3 Vefsíðan Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna.....26

1 Inngangur

Viðfangsefnið sem um ræðir hefur vakið áhuga minn lengi vel, en það að setjast að í landi ásamt fjölskyldu sinni, þar sem menning og tungumál er afar frábrugðið því sem þekkist frá heimaslóðum krefst hugrekkis og seiglu. Þar af leiðandi hafa einstaklingar af erlendum uppruna sem taka slíka ákvörun ávalt vakið áhuga minn, og þá sérstaklega þegar kemur að því að fara með börn í nýtt umhverfi, burt frá öllu sem þau þekkja.

Það er afar mikilvægt að fjölskyldur af erlendum uppruna sem setjast hér að geti gengið að góðum og ítarlegum upplýsingum sem snúa að skólastarfi hér á landi. Þar skiptir mestu máli að upplýsingarnar séu á mannamáli svo allir skilji hvað það er sem skiptir máli þegar kemur að skólagöngu grunnskólabarna, með hag þeirra í huga hvað varðar nám og líðan. Þegar farið var af stað með verkefnið skipti höfuðmáli að upplýsingarnar sem settar væru fram fyrir umræddan hóp myndu taka á helstu atriðum sem fjölskyldur þurfa að vita og að það skipti ekki máli hvar á landinu þær settust að.

Að skapa vettvang fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna til að fræðast um mikilvæg málefni líkt og skólastarf barna er krefst þess að efnið höfði til allra. Ég hafði aldrei áður komið að myndbandagerð, en alltaf heillast af slíku efni, enda mikið fyrir heimilda – og fræðslumyndir almennt. Þegar tækifærið gafst til að vinna að slíku efni ákvað ég að grípa það strax og sé ekki eftir því.

Markmið þessa verkefnis er að fræða foreldra nemenda af erlendum uppruna um að virk þátttaka þeirra í skólastarfi barna sinna skili sér í bættum námsárangri og betri líðan. Vettvangurinn er vefsíða, ásamt myndböndum, sem talsett eru á fjórum tungumálum.

2 Gildi verkefnisins

Hagnýtt gildi verkefnisins liggur í myndbandinu og vefsíðu en þar er um vettvang að ræða sem byggir á fræðilegum grunni varðandi tengsl á milli heimila og skóla og þann ávinning sem þau færa börnum. Sú fræðsla sem hér um ræðir snertir fyrst og fremst hag barnanna þótt vissulega sé horft til allra meðlima í þeim fjölskyldum af erlendum uppruna sem setjast að hér á landi. Meginástæðan fyrir því er sú að rannsóknir benda til þess að aukið samstarf milli heimila og skóla skili sér í betri líðan og bættum námsárangri á meðal nemenda í grunnskólum (Desforges og Abouchaar, 2003; Epstein, 2001; Hattie, 2009; Heng, 2014).

Einstaklingum af erlendum uppruna sem setjast að hér á landi fer sífellt fjölgandi sem felur í sér að fleiri nemendur af erlendum uppruna ganga í íslenska grunnskóla. Góð tengsl á milli heimila og skóla skipta máli fyrir allar fjölskyldur, ekki síður þær sem setjast hér að, og tala ekki íslensku. Fræðasviðið sem snýr að fjölskyldum af erlendum uppruna fer ört stækkandi. Þrátt fyrir það er þörf á skýrum og aðgengilegum upplýsingum um mál þeirra og tengsl við skólana hér á landi en myndbandið og vefsíðan bætir stöðuna þar.

Hvað mig sjálfa varðar öðlaðist ég nýja þekkingu í að setja fram fræðilegt efni, en að koma upplýsingum og fræðslu frá sér á skapandi hátt, líkt og myndbandið og vefsíðan gera, gaf mér verkfæri sem ég kem til með að taka með mér í kennarastarfið. Að auki efldist ég í samvinnu við aðra, en slík vinna er mér mikilvæg þar sem að ég vonast eftir því að starfa á vettvangi þar sem teymisvinna er höfð að leiðarljósi.

3 Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna

Þetta verkefni er eitt af fjórum meistaraverkefnum undir regnhlífinni *Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af erlendum uppruna*. Sameiginlegt markmið okkar var að búa til fræðsluefni fyrir foreldra til þess að styrkja tengsl þeirra og grunnskólanna, í þágu barnanna. Myndböndin eru á arabísku, íslensku, pólsku og spænsku og birt á vefnum tengjumst.hi.is

Verkefnin fjögur eru *Samskipti heimila og grunnskóla á Íslandi* eftir Valdimar Unnar Jóhannsson; *Réttindi og skyldur foreldra vegna skólagöngu barna sinna* eftir Láru Bergljótu Jónsdóttur; *Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna* eftir Dagmar Ólafsdóttur; og *Þátttaka foreldra í íslenskunámi og lestrarþjálfun barna sinna* eftir Stefaníu Láru Ólafsdóttur. Þessi kafli segir frá *Tengjumst*-verkefninu sem heild og er samhljóða í greinargerðum okkar fjögurra.

Myndböndin eru unnin og framleidd í samstarfi okkar fjögurra meistaranema, Kristínar Jónsdóttur leiðbeinanda okkar, kvikmyndatökumanna af kennslusviði Háskóla Íslands, þýðenda og vina okkar sem léku í myndböndunum. Textarnir á vefnum tengjumst.hi.is eru einnig hluti af okkar meistaraverkefnum. Á mynd 1 má sjá heimasíðu vefjarins tengjumst.hi.is.

Mynd 1 Vefurinn tengjumst.hi.is

Árið 2020 fékk Kristín styrk úr sjóði Háskóla Íslands sem ætlað er að styrkja samfélagsvirkni vísindamanna, til að vinna að *Tengjumst – kennarar og foreldrar barna af*

erlendum uppruna. Styrkurinn gerði framleiðslu myndbandanna og verkefnið mögulegt og gaf okkur tækifæri til að vinna að skapandi rannsóknarverkefnum sem meistaraverkefnum.

3.1 Samstarfsaðilar

Myndböndin eru unnin í samstarfi við Deild rafrænna kennsluhátta sem heyrir undir Kennslusvið Háskóla Íslands. Nazar Byelinskyy og Rafn Rafnsson verkefnisstjórar sáu um mynd- og hljóðupptökur, hljóðvinnslu og klippingu. Sveinn Benedikt Rögnvaldsson verkefnisstjóri sá um aðra eftirvinnslu ásamt Nazar og Rafni. Tónlistina samdi Þorsteinn Eyfjörð.

Þýðendur texta eru Anna Katarzyna Wozniczka sem þýddi handritin á pólsku, Susan Rafik Hama og Salah Karim Mamhood þýddu handritin á arabísku og þýðandi hjá Alþjóðasetri þýddi handritin á spænsku.

Þulir í íslensku myndböndunum eru höfundar sjálfir, meistaranemarnir Dagmar, Lára Bergljót, Stefanía Lára og Valdimar Unnar. Í hinum myndböndunum eru það Anna Maria Marcinkowska á pólsku, Susan Rafik Hama og Salah Karim Mamhood á arabísku og Guillermo J. Martinez Castilla á spænsku.

Leikarar í myndböndunum eru vinir og velunnarar, starfsfólk og nemendur Bláskógaskóla Reykholti, starfsfólk á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og við meistaranemar, leiðbeinandinn og kvikmyndagerðarmenn.

Vefsíðan var hönnuð af Kristínu Jónsdóttur, handritshöfundum og Elíasi Nökkva Gíslasyni sem einnig sá um uppsetningu.

4 Fræðilegur inngangur

Hanna Ragnarsdóttir er ein þeirra sem hefur hvað mest skoðað mál nemenda af erlendum uppruna og tengsl þeirra við skólakerfið hér á landi en á meðal verka hennar er vert að nefna norrænt rannsóknarverkefni sem hún stýrði ásamt Lars Anders Kulbrandstad (2018). Verkefnið stóð yfir í þrjú ár og tók til fjögurra norrænna landa, þar á meðal Íslands. Í skýrslu rannsóknarinnar er að finna víðtækar upplýsingar um nemendur af erlendum uppruna, búsettum í Finnlandi, Noregi, Íslandi og Svíþjóð. Þrír íslenskir grunnskólar, sem allir eru taldir standa sig vel í málum umrædds hóps, tóku þátt og er þar margt jákvætt að finna. Þar kom fram að 73% starfsmanna sögðu að til væru stefnur í skólunum sem snúa að fjölmenningarlegri kennslu og 53% þeirra voru fylgjandi þeim. Einnig kom fram að stjórnendur skólanna væru allir virkir í að þróa námsumhverfi nemenda af erlendum uppruna og að lögð væri áhersla á að nemendum líði vel. Hins vegar kemur fram að Ísland stendur sig verst af löndunum fjórum hvað varðar samstarf skóla og foreldra nemenda af erlendum uppruna. Einnig hafa kennarar áhyggjur af því að þeir nái ekki að mæta þörfum nemenda vegna stefnubreytinga sem gerðar voru í skólunum, en sú breyting leiddi til minna fjármagns til mála sem snerta umræddan hóp (Hanna Ragnarsdóttir og Lars Anders Kulbrandstad, 2018).

Ýmsir þættir virðast hafa áhrif á þátttöku foreldra á skólastarf barna sinna. Má þar nefna efnahag og menntun móður sem dæmi (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Það sem vakti athygli mína er að niðurstöður hafa bent til þess að þátttaka foreldra minnkar eftir því sem að börn þeirra verða eldri (Desforges og Abouchaar, 2003) þótt almennt virðist það blasa við að foreldrasamstarf hafi jákvæð áhrif á aðlögun barna að skólum, sem og á námsárangur þeirra (Desforges og Abouchaar, 2003; Hattie, 2009; Heng, 2014). Einnig hefur verið fjallað um mikilvægi þess að skólar og fjölskyldur vinni sameiginlega að því að efla félagsþroska barna, mennta þau og undirbúa fyrir framtíðina, og hvað varðar þá vinnu sem fylgir því að börn þroskist og verði fullorðin sé ábyrgðin sameiginleg (Heng, 2014). Þar að auki hefur verið bent á að samskipti eigi það til að vera einhliða á milli skóla og fjölskyldna af erlendum uppruna sem hafa lágar tekjur en í því samhengi hefur verið fjallað um að skólinn eigi orðið. Menningarmunur geti valdið því að að hvorugur aðili málsins, heimili og skólar, taki tillit til hvors annars og þeirrar vinnu sem lögð er áhersla á hvað varðar nám og heilsu barnanna (Heng, 2014).

Út frá þessum niðurstöðum má ætla að sérstaklega mikilvægt sé að stuðla að góðu og farsælu samstarfi við foreldra barna af erlendum uppruna en til þess að það geti átt sér stað verða þeir að geta gengið að mikilvægum upplýsingum um skólastarfi á Íslandi svo hægt sé að stuðla að því að vinnan, bæði heima og í skólum, sé árangursrík með hliðsjón af hag barnanna.

4.1 Lykilhugtök

Þegar fjallað er um tengsl heimila og skóla í verkefninu er átt við þau samskipti og samstarf sem þar er á milli. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir að menntun og velferð nemenda sé verkefni sem heimilin og skólar vinni sameiginlega að. Þar þurfi samstarfið að byggjast á virðingu milli beggja aðila, trausti og góðu upplýsingaflæði þar á milli. Einnig greinir Aðalnámská grunnskóla (2013) frá því að ábyrgð og ákvarðanir séu sameiginlegar á milli heimila og skóla. Í 13. grein grunnskólalaganna frá árinu 2008 segir að umsjónarkennari sé aðaltengiliður milli heimila og skóla og það sé meðal annars hans hlutverk að fylgjast náið með námi nemenda sinna og líðan (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 13). Ef umsjónarkennari hefur efni eins og þessi myndbönd til að miðla til foreldra nemenda af erlendum uppruna ætti það að auka líkurnar á farsælu samstarfi þar á milli.

Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir skilgreindu hugtakið *samstarf* í kaflanum Foreldrasamstarf í bókinni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (2014) en þar fjalla þær um að með hugtakinu sé átt við töluvert þrengri merkingu um samtöl og samráð en þegar fjallað er um samskipti. Hugtakið í verkefninu vísar þar af leiðandi til hversu mikilvæg sterk og góð tengsl á milli heimila og skóla eru, og að samskipti líkt og upplýsingar um skólastarf og mál sem snúa að nemendum þar á milli sé ekki nóg. Með samstarfi sé þar af leiðandi átt við markvisst samstarf sem felur í sér samskipti og samráð foreldra og kennara. Ég tel það mikilvægt að sterk tengsl séu á milli kennara og foreldra nemenda af erlendum uppruna, og að samskipti ein og sér séu ekki nægileg, heldur þurfi samstarf að eiga sér stað með það að leiðarljósi að það skili sér í betri líðan og námi til barnanna.

Nám og líðan eru meðal mikilvægastu hugtaka verkefnisins en þar er átt við að nemendum líði vel í skólanum, andlega, líkamlega og félagslega, og gangi vel námslega. Þegar fjallað er um nám og líðan í tengslum við þátttöku foreldra í skólastarfi kemur skýrt fram hversu miklu máli slík þátttaka skiptir, en fjallað hefur verið um að virk þátttaka foreldra í skólastarfi barna sinna leiði til betri líðunar og betri námsárangurs á meðal þeirra

(Desforges og Abouchaar, 2003; Epstein, 2001; Hattie, 2009; Heng, 2014). Aðalnámskrá grunnskóla (2013) greinir frá því að líðan stjórnist af flóknu samspili einstaklingsins, aðstæðna hans og umhverfinu sem hann þrífst í. Þar af leiðandi þurfi allt skólastarf að efla og stuðla að góðri líðan nemenda enda verja börn og ungmenni miklum tíma dagsins innan veggja skólans.

Á síðu Stjórnarráðs Íslands er að finna skýrslu um stefnu stjórnvalda varðandi aðlögun innflytjenda. Í skýrslunni er hugtakið innflytjandi skilgreint sem erlendur einstaklingur sem hefur sest að til frambúðar í landinu en er fæddur í öðru landi. Einnig á hugtakið við þegar einstaklingur á foreldra sem báðir eru fæddir í öðru landi eða hafa á einhverjum tíma haft erlent ríkisfang. Það sem er sameiginlegt með innflytjendum er að þeir hafa annað móðurmál en íslensku, en móðurmál er það tungumál sem einstaklingur lærir fyrst sem barn (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Í verkefninu er vísað til þessa hóps sem foreldra, barna og nemenda af erlendum uppruna.

Með hugtakinu grunnskóli er átt við það skólastig sem nemendur stunda nám við á aldrinum 6 - 16 ára. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er fjallað um grunnskóla sem skóla í tíu ár, á fyrrnefndu aldursbili, en þó sé hægt að sækja um skólavist fyrr eða síðar þar sem nemendur eigi þess einnig kost að ljúka sinni skólagöngu fyrr en við 16 ára aldur. Í grunnskóla fara nemendur á milli árganga, frá 1. bekk og upp í 10. bekk, óháð því hvernig þeim gengur í náminu eða stöðu þeirra innan skólans að einhverju öðru leyti, en í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er fjallað um að hlutverk skólanna sé meðal annars að stuðla að alhliða þroska nemenda í samstarfi við heimilin.

4.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi

Í rannsókn Kristínar og Amalíu (2014) sem nefnd er hér að framan töldu háskólamenntaðir foreldrar aðkomu sína að skólastarfi almennt mikilvægari en foreldrar með styttri menntun. Gáfu niðurstöður rannsóknarinnar einnig til kynna að 73% foreldra töldu æskilegt að þeir kæmu að skipulagningu á félagsstarfi skólans en aðeins 20% foreldranna töldu æskilegt að taka þátt í því starfi sem varðar kennslustundinar sjálfar. Áhugi foreldra á þátttöku í skólastarfi minnkaði samhliða hærri aldri barna þeirra (2014) sem er í takt við eldri rannsóknir á sama sviði og ber þar að nefna yfirlitsrannsókn Desforges og Abouchaar (2003). Einnig hefur verið bent á að foreldrasamstarf hafi jákvæð áhrif á aðlögun barna að skólum sem og á námsárangur þeirra (Desforges og Abouchaar, 2003; Hattie, 2009). Út frá þessum

niðurstöðum má ætla að sérstaklega mikilvægt sé að stuðla að góðu og farsælu samstarfi við foreldra barna af erlendum uppruna og er þar af leiðandi mikilvægt að sá foreldrahópur geti gengið að greinargóðum upplýsingum um starf í grunnskólum.

4.3 Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Að byrja í skóla er mikilvægur tími í lífi einstaklinga en fjallað hefur verið um að farsælar breytingar í skóla tengist síðar á lífsleiðinni betri námsárangri og félagslegri hæfni. Má þar nefna þegar einstaklingur skiptir um skóla sem dæmi. Að auki hefur verið bent á að ímynd barns af sjálfum sér sem nemanda er talin vera undir áhrifum af upplifun þeirra og reynslu af skóla (Turunen og Perry, 2013).

Að taka vel á móti börnum sem eru að hefja göngu í nýjum skóla getur dregið úr áhyggjum og kvíða sem getur skapast á meðal þeirra vegna óvissu sem ríkir í nýju umhverfi en Turunen og Perry (2013) skoðuðu upplifun nemenda af erlendum uppruna á því að hefja skólagöngu í nýju landi. Rannsóknin var gerð í Ástralíu þar sem tekin voru viðtöl við fullorðna einstaklinga með reynslu af því að byrja í skóla sem börn af erlendum uppruna á árunum 1955 - 1991. Þar fjölluðu þátttakendur meðal annars um upplifun sína á því þegar kennarar tóku á móti þeim með hlýju, og þau jákvæðu áhrif sem það hafði á öryggi þeirra og á kvíðann sem skapaðist við þessar nýju aðstæður.

4.4 Staða nemenda af erlendum uppruna í íslensku skólakerfi

Við vinnslu verkefnisins voru starfsáætlanir nokkurra grunnskóla skoðaðar, valdar af handahófi. Þar á meðal voru starfsáætlanir Hólabrekkuskóla (2019), Húsaskóla (2019) og Réttarholtsskóla (2019). Í þeim áætlunum kom meðal annars fram hvernig taka eigi á móti nemendum af erlendum uppruna. Þar er fjallað um móttökuviðtal þar sem bent er á mikilvægi þess að foreldrar eða forráðamenn nemandans séu með, ásamt túlki. Fjallað er um aukinn rétt nemenda af erlendum uppruna á íslenskukennslu og áætlun tengda fordómum gagnvart þeim svo dæmi séu nefnd. Þrátt fyrir þetta sýna niðurstöður PISA prófanna fram á að lesskilningur barna með íslensku sem annað mál fari versnandi hér á landi, og sé til að byrja með langt frá því að vera nægilega góður (Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland, 2018). Jafnframt er fjallað um að annað nám sé byggt á góðum lesskilningi og orðaforða og þar af leiðandi hafi þetta áhrif á allt nám þessara barna. Með þessar upplýsingar að leiðarljósi ætti fræðslumynd um íslenskt skólakerfi og samstarf heimila og

skóla að styðja við þátttöku foreldra í skólagöngu barna sinna, sem skilar sér í bættum námsárangri og betri líðan á meðal barnanna, en þar eru nemendur af erlendum uppruna engin undantekning. Þar að auki er vert að nefna að innflytjendum hefur fjölgað mikið síðustu tvo áratugi hérlendis og þar af leiðandi er aukinn fjöldi nemenda í grunnskólum hérlendis með íslensku sem annað tungumál (Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland, 2018).

Öll börn þurfa að eiga vini í skólanum og finna að þau tilheyri hópi. Það að eiga vin í skólanum snýr ekki eingöngu að því að hafa einhvern til þess að leika við heldur hefur það áhrif á þroskaferil barna, en greint hefur verið frá því að það að eiga vin/i í skóla tengist betri námsárangri (Ferrer-Chancy og Fugate 2007). Ef foreldrar eru í góðum samskiptum við skólann eykur það líkurnar á því að þeir kannist við samnemendur barna sinna. Það sama gildir um foreldra nemenda af erlendum uppruna, en ef þeir þekkja til samnemenda barna sinna ætti það að auðvelda þeim að hvetja börnin sín til þess að kynnast bekkjarfélögum sínum.

Aðalnámskrá grunnskóla (2013) fjallar um mikilvægi heilbrigðis nemenda en þar er meðal annars fjallað um mikilvægi hreyfingar, góðrar næringar og hvíldar. Til þess að nemendur geti tekið þátt í íþróttum og sundi þurfa foreldrar af erlendum uppruna að geta gengið að upplýsingum um hvernig slíku er háttað á Íslandi og má þar meðal annars nefna það að börnin komi með viðeigandi búnað til þess að geta tekið þátt í slíkum tímum og liðið vel, líkt og íþrótta - og sundfatnað. Það sama á við um næringu en foreldrar nemenda af erlendum uppruna þurfa að vita hvað sé í boði í hverjum skóla fyrir sig, líkt og áskriftir að skólamáltíðum eða hvort að hádegismatur og nesti sé gjaldfrjálst, svo dæmi séu nefnd.

4.5 Líkan Epstein og foreldrasamstarf

Félagsfræðingurinn Joyce L. Epstein þróaði líkan sem snertir samstarf skóla, fjölskyldna og samfélags, en starf hennar í gegnum árin hefur að miklu leyti snúist um bætt samstarf heimila og skóla (Epstein, 2001). Það er því áhugavert að sjá hversu lengi hefur verið sýnt fram á mikilvægi þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna en áður en Epstein þróaði líkan sitt höfðu verið gerðar rannsóknir sem bentu til mikilvægis samstarfsins (Finn, 1998; Goodman, Sutton og Harkavy, 1995).

Líkan Epstein er tvíþætt þar sem annars vegar er fjallað um þau svið sem snúa að samstarfinu og hins vegar um þá vinnuferla sem skólar þurfa að starfa eftir þegar unnið er að

bættu samstarfi heimila og skóla. Greinir Epstein (2002) frá því að það mikilvægasta þegar kemur að samstarfi heimila og skóla sé nemandinn sjálfur, það er líðan hans, þroski og nám, en líkt og Desforges og Abouchaar (2003) og Hattie (2009) fjallar Epstein einnig um að foreldrasamstarf skili sér í ávinningi til nemenda í formi betri líðan og bættum námsárangri. Líkt og áður segir renna þessar upplýsingar stoðum undir mikilvægi þess að foreldra nemenda af erlendum uppruna geti gengið að skýrum og greinargóðum upplýsingum um íslenskt skólastarf og á þar ekki að skipta máli hvar á landinu fjölskyldurnar eru staddar.

4.6 Foreldrasamstarf vegna nemenda af erlendum uppruna

Hér að framan er fjallað um að það virðist vera sem ýmsir þættir hafi áhrif á þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna, eins og til dæmis efnahagur og menntun (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Staða innflytjenda er oft slök hvað þátttöku foreldra í skólastarfi varðar en skýrsla sem Rauði Krossinn gaf út greindi frá áhyggjum af stöðu innflytjenda hér á landi meðal annars vegna tungumálaörðugleika. Þar var fjallað um að börn innflytjenda væri oft brúin sem tengdi þá við samfélagið og að þessir foreldrar geti til dæmis ekki veitt börnum sínum þá aðstoð sem þau þurfa við heimanám sitt (2014). Í sömu skýrslu er greint frá áhyggjum náms- og starfsráðgjafa af börnum innflytjenda vegna stuðnings sem þau þurfa á að halda, en fá hvorki heima hjá sér né í skólanum sem þau sækja (Rauði Krossinn, 2014).

Rannsóknir benda til þess að nemendur í íslenskum grunnskólum vilji aukna þátttöku foreldra sinna í námi sínu (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2012; Kristín Jónsdóttir, 2013, 2015). Rannsókn Kristínar Jónsdóttur (2013) leiddi í ljós að almennt voru unglingar jákvæðir gagnvart þátttöku foreldra sinna í skólastarfi en þar má nefna að átta af hverjum tíu nemendum í 7. til 10. bekk töldu ákjósanlegt að foreldrar þeirra veittu þeim aðstoð við heimanám sitt og 68% þeirra töldu eftirsóknarvert að foreldrar þeirra tækju almennt þátt í skólastarfi þeirra. Ætla má að það eigi ekki síður við fjölskyldur og nemendur af erlendum uppruna sem setjast að á Íslandi.

Niðurstöður rannsókna hafa meðal annars bent til þess að gott foreldrasamstarf hafi jákvæða áhrif á nám barna og aðlögun að skólum (Desforges og Abouchaar, 2003; Hattie, 2009) en jafnframt virðist það vera þannig að samstarf foreldra nemenda af erlendum uppruna við skóla hér á landi sé ekki nægilega öflugt miðað við skýrslu Hönnu Ragnarsdóttur (2015) sem styður enn frekar við mikilvægi verkefnisins. Einnig hefur verið fjallað um að það

virðist vera erfitt að fá foreldra af erlendum uppruna til þess að taka þátt í skólastarfi barna sinna en þar vega tveir þættir þyngst, annars vegar tungumálaörðugleikar og hins vegar menningarmunur milli foreldranna og skólanna (Denessen, Bakker og Gierveld 2007; Turney og Kao, 2009) en þegar kennari og foreldrar nemanda tala ekki sama tungumál getur verið erfitt að skrifast á. Þá getur skapast eins konar „rafrænn veggur“ á milli heimila og skóla. Fræðsla líkt og myndböndin geyma ættu því að hjálpa til við að upplýsa stóran hóp foreldra af erlendum uppruna um skólastarf á Íslandi og vonandi hafa áhrif á þátttöku þeirra í því.

Niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var í Svíþjóð bentu til þess að nemendur af erlendum uppruna sem hefja skólagöngu sína þar í landi fyrir níu ára aldur vegni vel í námi og gangi vel að aðlagast að nýrri menningu (Böhlmark, 2008). Hins vegar leiddi sama rannsókn í ljós að því eldri sem börn af erlendum uppruna eru við upphaf skólagöngu, þeim mun slakari er frammistaða þeirra í námi, sem ýtir undir mikilvægi þess að gott samstarf á milli heimila þeirra og skóla eigi sér stað. Aðgengi að upplýsingum líkt og myndbandið og vefsíðan hafa að geyma ættu að auka líkur á góðu samstarfi heimila og skóla, sem skili sér í betri líðan og námi á meðal nemenda af erlendum uppruna. Fjallar rannsókn Böhlmark (2008) einnig um að til að draga úr því að aldur hafi áhrif á frammistöðu nemenda af erlendum uppruna þurfi að vinna að nýjum og bættum inngripum, en myndbandið og vefsíðan ættu að teljast sem fyrsta skref að góðu inngripi í að stuðla að auknu samstarfi heimila og skóla.

Hugtakið akademísk félagsmótun (e. *academic socialization*) hefur verið sett fram sem sérstaklega mikilvægur þáttur þegar kemur að framlagi foreldra til námsárangurs barna sinna en akademísk félagsmótun á sér stað þegar foreldrar ræða við börn sín um mikilvægi menntunar og mikilvægi þess að standa sig vel í skóla, að minnsta kosti á þann vega að gera sitt besta. Akademísk félagsmótun getur meðal annars falið í sér að ræða námsáætlun við börn sín og gera undirbúning og áætlanir fyrir framtíðina, þar á meðal að tengja efni sem fjallað er um í skólanum við áhuga nemenda og markmið (Bæck, 2017), en hlutverk foreldra er ekki að kenna börnum sínum heldur að vera hvetjandi og áhugasöm um skólagöngu barna sinna. Undirstrikar þetta enn betur mikilvægi þess að foreldrasamstarf vegna nemenda af erlendum uppruna sé yfir höfuð til staðar í skólum, svo foreldrar þessara barna séu meðvitaðir um það sem á sér stað í kennslu barna sinna og geti á þann veg tekið þátt í námi þeirra með því að hvetja þau áfram á þennan hátt.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er sagt að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla, foreldra og kennara. Samstarfið á að einkennast af

sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð þar sem reglubundin samskipti eiga sér stað varðandi barnið, líðan þess og nám. Eru vonir bundnar við það að efnið sem miðlað er í þessu verkefni stuðli að góðu samstarfi milli heimila og skóla hér á landi, óháð tungumáli eða menningu.

5 Aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um þá leið sem farin var við að kanna viðfangsefnið, með það í huga að skoða hvað væri til á þessu sviði í formi fræðslumyndbanda. Einnig er ferlinu við gerð myndbandanna og vefsíðu lýst.

Í meistaraverkefnunum fjórum er lögð áhersla á að flæði sé gott þar á milli hvað varðar upplýsingagjöf og nokkur atriði koma því fyrir í fleiri en einu myndbandi en með mismunandi áherslu.

5.1 Efniviður rannsóknar

Við gerð verkefnisins var stuðst við fræðilegar heimildir á sviðinu, bæði erlendar og íslenskar með fókus á nám og líðan nemenda af erlendum uppruna á grunnskólaaldri.

Ákveðin áskorun fylgdi því að setja það fræðilega efni sem stuðst er við í handrit. Til þess að efnið tali til flestra, óháð menntun eða stöðu, á öllum heimilum var ákveðið að fjalla um efnið eins almennt og kostur var á og tel ég að vel hafi tekist til. Hér var lögð áhersla á að glata ekki mikilvægum upplýsingum þrátt fyrir að efnið hafi verið sett fram á talmáli fyrir myndböndin og skipti þar höfuðmáli að textinn væri skýr og skiljanlegur.

Til þess að koma efninu í réttar hendur, það er til foreldra og nemenda af erlendum uppruna, þurfa grunnskólar á landinu að vera fúsir til að nýta efnið en ef þeir miðla efninu ekki áfram til umrædds hóps eru líkur á því að það fari framhjá einhverjum sem gætu nýtt sér það vel. Líkt og áður segir er markmiðið með verkefninu að auka fræðslu um skólastarf til fjölskyldna af erlendum uppruna og góðar líkur á því að skólar á Íslandi taki vel í að nýta sér slíkt efni miðað við þau viðbrögð sem komu frá tveimur fræðslumiðstöðvunum sem haft var samband við, annars vegar á Akranesi og hins vegar í Keflavík.

5.2 Myndband sem miðill

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar á öllum skólastigum (Aðalnámskrá, 2013). Þegar talað er um hefðbundið læsi er átt við kunnáttu og færni sem einstaklingar hafa til þess að geta komið vangaveltum og hugmyndum sínum frá sér á blað, ásamt því að geta áttað sig á prentuðum texta (Stefán Jökulsson, 2012).

Fjallað hefur verið um læsi og þá þróun sem hefur átt sér stað frá því að pappírinn og blýantur var það eina sem í boði var til að koma frá sér efni, yfir í framfarir í tækni líkt og að

nota stafrænar leiðir, eins og myndefni, til að koma slíku frá sér (Stefán Jökulsson, 2012). Greint hefur verið frá því að miðlunarferli sé ákveðin leið til náms, og það eigi til dæmis við um þegar nemendur noti ekki aðeins miðlunina til að koma efni frá sér sem þeir hafa skilning á, heldur til að öðlast skilning á umfjöllunarefninu, eins og að gera mun á atriðum sem skipta miklu máli og þeim sem skipta litlu eða engu máli. Þannig öðlast nemendur einnig færni í að setja sig í spor annarra, en það er eitt það mikilvægasta sem nemendur taka með sér út í lífið (Stefán Jökulsson, 2012). Þessi stafræna bylting sem hefur átt sér stað á síðustu árum og er enn í dag ört vaxandi, og tæknin sjálf, hefur rutt sér til rúms í námi og kennslu en núna er allt það sem við þurfum saman komið á einum stað, það er í tölvunni. Fjallað hefur verið um að þar séum við með ákveðið verkfæri sem hægt er að nýta til þess að skapa þekkingu og miðla henni út um víðan völl, enda sé það internetið sem tengir okkur öll saman, hvar sem við erum stödd í heiminum (Stefán Jökulsson, 2012).

Sýnt hefur verið fram á að verulegur ávinningur fylgi því að nýta myndbönd sem fræðsluefni til foreldra af erlendum uppruna en þar er vert að nefna rannsókn sem nýtti slíka leið til þess að miðla upplýsingum og fræðslu til nýbakaðra foreldra varðandi heilsugæsluþjónustu barna þeirra (Valenzuela-Araujo o.fl., 2021). Í fyrrnefndri rannsókn sýndu niðurstöður fram á að foreldrar kusu myndrænt fræðsluefni fram yfir ritað og sögðu að upplýsingar á slíku formi væru gagnlegar og þægilegar. Þar að auki hefur verið fjallað um nytsemi myndbanda til að miðla fræðslu um leikskólastarf til foreldra sem eru að byrja með börnin sín þar, en þar mátu foreldrar myndböndin sem jákvæða upplýsingagjöf um það starf sem fer fram á leikskólum (Walsh, Romo og Jeon, 2018).

Einnig hefur verið greint frá því að kennarar í samfélögum þar sem innflytjendum fer fjölgandi hafa misjafna reynslu af því að taka á móti slíkum nemendum og vinna með heimilum þeirra og að þar sé að finna kennara sem hafa enga reynslu af því (Chapman og Hall, 2016). Jafnframt hefur verið fjallað um að þegar kennarar hafi litla sem enga þekkingu af því að vinna með nemendum og foreldrum af erlendum uppruna geti það dregið úr jákvæðum áhrifum sem þeir gætu annars haft á námsárangur og líðan þessara barna (Villalba o.fl., 2007). Fræðsluefni líkt og unnið var að í þessu verkefni ætti að styðja við þá kennara sem skortir reynslu og þekkingu varðandi vinnu með nemendum og foreldrum af erlendum uppruna, en með því að fræða foreldra um skólastarf eykur það líkur á farsælu samstarfi við skólann.

5.3 Vinnuferlið

Fyrsta skrefið í ferlinu var að kanna hvaða fræðsluefni á myndböndum væri nú þegar til um tengsl heimila og grunnskóla, sérstaklega ætlað foreldrum af erlendum uppruna. Það var lítið sem ekkert að finna bæði við leit og með því að hafa samband við tvær fræðslumiðstöðvar á landinu. Þar voru svörin þau að ekkert efni væri til fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna um skólastarf, en mikil þörf væri á slíku. Þegar þetta lá fyrir var hafist handa við að skrifa handrit. Teymið í kringum *Tengjumst*-verkefnið hittist á reglulegum fundum, sem voru annars vegar haldnir í húsakynnum Menntavísindasviðs í Stakkahlíð og hins vegar rafrænir fundir í gegnum Microsoft teams.

Þegar handritin voru tilbúin, yfirfarin af okkur nemunum og leiðbeinanda, var haldið af stað í Reykholt í tökur í grunnskólanum þar, nánar tiltekið í Bláskógaskóla. Nemendur, kennarar og annað starfsfólk skólans tóku vel á móti hópnum og stóðu tökur yfir í einn dag á því svæði. Að því loknu var farið í tökur í Reykjavík, á heimilum, á leiksvæðum og í stúdíói. Þar komu vinir okkar að en þeir léku í myndböndunum okkar, ásamt okkur sjálfum og leiðbeinanda. Þeim tökum lauk á tveimur dögum en þá var farið í að lesa textann úr handritum yfir myndböndin á fjórum tungumálum. Klippivinna, upptökur og hljóð var unnið líkt og áður segir í samstarfi við Deild rafrænna kennsluhátta en þar höfðum við góðan aðgang að reyndum einstaklingum á því sviði.

Ritstjóra og höfundum verksins er umhugað um að gott aðgengi skuli vera að efninu og auðvelt verði fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna að finna það. Samstarf verður við grunnskóla landsins við að miðla efninu áfram en vefsíðan er hugsuð á þann veg að allir geti fundið hana án þess að þurfa að taka mörg skref á internetinu.

5.4 Handritið

Við gerð handrita bar hver meistaranemi ábyrgð á sínum þætti. Notast var við sameiginlegt sniðmát til að skrifa hugmyndir að myndum og textum fyrir senur í handriti en hver þáttur var með ákveðnar áherslur sem voru fyrirfram ákveðnar og byggja á rannsóknaráætlun.

Þegar fyrstu drög að handriti voru tilbúin og yfirfarin, fór hver nemi í að endurbæta sitt handrit og lauk þeirri vinnu með því að allir meistaranemar fóru yfir handritin hvert hjá öðru. Það var gert til þess að koma í veg fyrir óþarfa endurtekningar á milli þátta, lagfæra orðalag og tryggja að allt sem skipti máli fengi sitt pláss. Þýðendur komu að handritum á þann hátt

að þýða texta þeirra á annað tungumál. Þar var handrit fyrir hvern þátt þýtt yfir á þrjú önnur tungumál, arabísku, pólsku og spænsku.

Eftir að upptökum lauk var farið í stúdíó Kennslusviðs Háskóla Íslands þar sem texti handrita var lesinn yfir myndefnið. Í ljós kom að það þyrfti að fara yfir möguleika á að stytta hvern þátt fyrir sig en þar sá hver nemi um að koma með tillögur að styttingum fyrir sinn hluta. Að því loknu fórum við yfir hvert hjá öðru og gerðum breytingartillögur sem að lokum voru yfirfarnar af leiðbeinanda og loks annaðhvort samþykktar eða hafnað í samráði við höfund handritsins.

Handrit að myndbandinu *Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna* á íslensku er að finn í Viðauka A.

6 Myndbandið *Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna*

Niðurstöður verkefnisins liggja í myndböndunum sjálfum ásamt vefsíðu en hér er um efni að ræða sem hefur að geyma upplýsingar sem eru byggðar á íslenskum og erlendum fræðum, Aðalnámskrá grunnskóla (2013), lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) ásamt reynslu starfandi kennara og kennaranema. Þessar upplýsingar nýtast fjölskyldum af erlendum uppruna, sem setjast hér að, til að fá skýrari mynd af grunnskólastarfi og samfélagi, hvort sem það á við um námið sjálft, líðan nemenda, félagsleg tengsl, réttindi, skyldur, hefðir og venjur eða lestrarnám. Leiðarljósið er að auka líkur á góðu samstarfi á milli heimila og skóla nemenda af erlendum uppruna.

Áherslan í myndbandinu sem hér um ræðir kemur skýrt fram í heiti þess, en þar var horft til þess að veita foreldrum af erlendum uppruna góðar upplýsingar um mikilvægi þess að börnunum þeirra líði vel í skólanum og gangi vel námslega sem og hvernig þeir geti sjálfir stuðlað að því. Í myndbandinu er útskýrt á hvaða hátt foreldrar geti hvatt barn sitt áfram, bæði námslega og félagslega, og mikilvægi samstarfsins undirstrikað sem skili sér á jákvæðan hátt til barna þeirra.

Myndbandið er talsett á fjórum tungumálum eins og áður segir og á mynd 2 má sjá hvernig myndböndin birtast á síðunni. Í íslensku útgáfunni af umræddu myndbandi sá ég sjálf um að tala inn á myndbandið, en þar lagði ég áherslu á að vera skýr í tali og greina frá því sem ég tel að skipti mestu máli þegar horft er til náms og góðrar líðunar grunnskólabarna.



Mynd 2 Myndbandið Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna

Hér er að finna heiti myndbandsins á tungumálunum fjórum:

Arabíska: التعاون بين الأسر والمدارس على تعليم ورفاهية أطفال المدارس الابتدائية

Íslenska: Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna.

Pólska: Współpraca między domem i szkołą w kwestii nauki i dobrostanu ucznia szkoły podstawowej.

Spænska: Cooperación entre hogares y escuelas sobre la educacion y el bienestar de los ninos en las escuelas primarias.

7 Vefsíðan

Við meistaranemar unnum að vefsíðunni saman ásamt Kristínu leiðbeinanda okkar. Við mótuðum áherslur í texta og myndum. Hver nemi sá um að skrifa texta um sinn þátt sem var yfirfarinn á fundi af okkur fimm og samþykktur af leiðbeinanda okkar. Ákveðið var að myndir á vefsíðunni yrðu allar frá vinnuferlinu við gerð myndbandanna og undirstrikuðu þannig við að myndböndin væru aðalefnið. Þegar því ferli lauk sá Elías Nökkvi Gíslason um að setja síðuna upp. Þegar vefsíðan er opnuð með slóðinni tengjumst.hi.is opnast forsíða sem hefur að geyma fjögur svæði með hlekkjum inn á hvert verkefni fyrir sig. Á þessari forsíðu er einnig að finna sex flipa á undirsíður, en þar er hægt að velja á milli tungumálanna fjögurra og lesa sér til um vefinn og verkefnið í heild. Einnig eru flipar fyrir hvert meistaraverkefni fyrir sig sem vísa á fróðleik um hvern þátt og myndböndin sjálf. Á vefsíðunni er einnig að finna krækjur á annað nytsamlegt efni fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna. Hvað minn þátt varðar má til dæmis nefna krækjur á efni sem snýr að aðstoð við heimanám nemenda af erlendum uppruna, krækjur á bókasöfn og sundstaði landsins og hugmyndir að félagsstarfi fyrir börn og unglinga, en það er gert með það í huga að styðja við góðan andlegan, líkamlegan og félagslegan líðan. Skjáskot af forsíðu vefsins er að finna í Viðauka Á, skjáskot af síðunni *Nám og líðan* er að finna í Viðauka B og skjáskot af síðunni *Um vefinn* er að finna í Viðauka D. Á mynd 3 má sjá hluta af vefsíðunni sem tilheyrir rannsóknarverkefninu og styður við myndbandið.

Mynd 3 Vefsíðan Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna

8 Lokaorð

Það er óhætt að segja að ég hafi lært margt nýtt og nytsamlegt í allri vinnunni sem liggur að baki myndbandanna og vefsíðu. Ég hef alltaf haft gaman af því að prófa nýja hluti og takast á við krefjandi verkefni en að mínu mati skilja þannig verkefni mest eftir sig. Ég hafði aldrei fyrr skrifað handrit, leikið í myndbandi né talað inn á slíkt og var þar af leiðandi að taka mín fyrstu skref í allri þeirri vinnu. Það er ótrúlegt að hugsa til þess hvað er hægt að gera mikið með gott fólk sér við hlið en þessi vinna hefði ekki tekist eins vel ef allir þeir sem að henni komu hefðu ekki verið jafn viljugir í góða samvinnu og raunin var.

Það sem situr hvað mest eftir hjá mér eftir þessa vinnu er mikilvægi þess að öll heimili, óháð þjóðerni, geti gengið að góðum og ítarlegum upplýsingum sem snúa að grunnskólastarfi, en ef þær eru til staðar eru auknar líkur á góðu samstarfi milli heimila og skóla, sem skilar sér til barnanna sem betri líðan og námsárangur (Desforges og Abouchaar, 2003; Epstein, 2001; Hattie, 2009; Heng, 2014). Vinnan skilur eftir sig verkfæri fyrir mig sjálfa til að vinna með sem kennari en hún opnaði líka augu mín fyrir nýjum möguleikum í að miðla efni áfram til ólíkra hópa.

Greinargerð þessi fer yfir það ferli sem farið var við gerð verkefnisins *Tengjumst*, bæði myndbandsins og vefsíðunnar, mikilvægi þess og samvinnunnar sem liggur þar að baki. Niðurstöður er að finna á slóðinni *tengjumst.hi.is* og vil ég hvetja alla þá sem koma að grunnskólastarfi á einn eða annan hátt að deila slóðinni, því fræðin benda til þess að verkefni líkt og þetta skili sér í ávinningi til foreldra og nemenda af erlendum uppruna.

Þegar horft er til þeirrar vinnu sem unnin verður á fræðasviðinu á næstu árum er til dæmis þörf fyrir að útbúa myndband ætlað nemendum sjálfum sem setjast hér að og stunda nám við grunnskóla. Einnig væri áhugavert að vinna rannsókn með einstaklingum af erlendum uppruna sem settust að á Íslandi sem börn og luku grunnskóla hér á landi, og sjá hverju þeir hefðu viljað breyta varðandi sína upplifun á því að hefja göngu og stunda nám við íslenska grunnskóla, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.

Böhlmark, A. (2008). Age at immigration and school performance: A siblings analysis using Swedish register data. *Labour Economics*, *15*(6), 1366–1387. doi:10.1016/j.labeco.2007.12.004.

Bæck, U.-D. K. (2017). It is the air we breathe. Academic socialization as a key component for understanding how parents influence children´s schooling. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy,* 3:2, 123-132, DOI: 10.1080/20020317.2017.1372008.

Chapman, M. V. og Hall, W. J. (2016). Outcome Results From Yo Veo: A Visual Intervention for Teachers Working With Immigrant Latino/Latina Students. *Research on Social Work Practice*, *26*(2), 180–188. doi:10.1177/1049731514545655.

Denessen, E., Bakker, J. og Gierveld, M. (2007). Multi-Ethnic Schools' Parental Involvement Policies and Practices. *School Community Journal*, *17*(2), 27–44.

Desforges, C. og Abouchaar, A. (2003). The impact of parental involvement, parental support and family education on pupil achievement and adjustment: A literature review. Nottingham, UK: DfES Publications.

Epstein, J. L. (2001). *School, family & community partnerships: Preparing educators and improving schools*. Boulder, CO: Westview Press.

Epstein, J. L., Sanders, M. G., Simon, B. S., Salinas, K. C., Jansorn, N. R. og Voorhis F. L. V. (2002). *School, family & community partnerships: Your handbook for action (2. útgáfa)*. Thousand Oaks: Corwin Press.

Ferrer-Chancy, M. og Fugate, A. (2007). The Importance of Friendship for School-Age Children. *University of Florida: Department of Family, Youth & Community Sciences*. Sótt af http://www.centrocies.com.mx/wp-content/uploads/2014/01/friendship-children.pdf.

Finn, J.D. (1998). Parental engagement that makes difference. *Educational Leadership,* 55 (8), 20-24.

Goodman, J. F., Sutton, V. og Harkavy, I. (1995). The effectiveness of family workshops in a middle school setting. *Phi Delta Kappan,* 76, 694-700.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mun færri innflytjendur útskrifast af framhaldsskólastigi*. Sótt af https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/utskrifadir-nemendur-ur-framhaldsskolum-og-haskolum-2016-2017/.

Hanna Ragnarsdóttir og Lars Anders Kulbrandstad. (ritstjórar). (2018). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries.* Newcastle: Cambridge Scholars publishing.

Hattie, J. (2009). Visible learning: A synthesis of over 800 metaanalyses relating to achievement. London: New York, Routledge.

Heng, T. T. (2014). The nature of interactions between Chinese immigrant families and preschool staff: How culture, class, and methodology matter. *Journal of Early Childhood Research*, *12*(2), 111–127. doi:10.1177/1476718X13515423.

Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland. (2018). Staða grunnskólanema með íslensku sem annað tungumál. Greining á stöðu og tillögur um aðgerðir. Menntamálastofnun.

Kristín Jónsdóttir. (2013). Desirable Parental Participation in Activities in Compulsory Schools. BARN(4), 29–44.

Kristín Jónsdóttir. (2015). Teenagers' Opinions on Parental Involvement in Compulsory Schools in Iceland. *International Journal about Parents in Education*, *9*(1), 24–36.

Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2012). Home-school relationships and cooperation between parent and supervisory teachers. *Norsk senter for barnaforskning*, *30*, 109–128.

Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2014). Foreldrasamstarf. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Rauði Krossinn. (2014). *Hvar þrengir að? Könnun á hvaða hópar í samfélaginueigi helst undir högg að sækja.* Sótt af https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvar_threngir_ad_2014--1-.pdf.

Starfsáætlun Hólabrekkuskóla. (2019). *Hólabrekkuskóli*. Sótt 21. mars 2020 af https://holabrekkuskoli.is/skolinn-2/starfsaaetlun/.

Starfsáætlun Húsaskóla. (2019). *Húsaskóli*. Sótt 21. mars 2020 af https://husaskoli.is/skolinn/starfsaaetlun/.

Starfsáætlun Réttarholtsskóla. (2019). *Réttarholtsskóli*. Sótt 21. mars 2020 af https://rettarholtsskoli.is/skolinn/starfsaaetlun/.

Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Sótt 31. mars 2020 af https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2007/05/07/Stefna-rikisstjornarinnar-um-adlogun-innflytjenda/.

Turney, K. og Kao, G. (2009). Barriers to School Involvement: Are Immigrant Parents Disadvantaged? *The Journal of Educational Research*, *102*(4), 257-271,320.

Turunen, T. A. og Perry, B. (2013). Immigrant-Background Australians' Recollections of Justice, Injustice and Agency in Stories about Starting School. *Contemporary Issues in Early Childhood*, *14*(4), 335–344. doi:10.2304/ciec.2013.14.4.335.

Valenzuela-Araujo, D., Godage, S. K., Quintanilla, K., Dominguez Cortez, J., Polk, S. og

DeCamp, L. R. (2021). Leaving Paper Behind: Improving Healthcare Navigation by Latino Immigrant Parents Through Video-Based Education. *Journal of Immigrant and Minority Health*, *23*(2), 329–336. doi:10.1007/s10903-020-00969-9.

Villalba, J., Brunelli, M., Purgason, L. og Orfanedes, D. (2007). Experiences of Latino Children Attending Rural Elementary Schools in the Southeastern U.S.: Perspectives from Latino Parents in Burgeoning Latino Communities. *Professional School Counseling*, *10*. doi:10.5330/prsc.10.5.t727642203354538.

Walsh, B. A., Romo, G. og Jeon, H.-J. (2018). Parental Perspectives on Transition to Kindergarten Videos to Promote Family Involvement. *Early Childhood Education Journal*, *46*(6), 655–663. doi:10.1007/s10643-018-0890-1.

Viðauki A: Handrit að myndbandi

Nám og líðan, Dagmar.

Hugtak	Sena location	Texti	Mynd
Aðlögun að skólaumhverfi (upphafssena)	N 1	Þegar gott samstarf ríkir á milli foreldra og kennara aðlagast barnið skólaumhverfinu betur og hraðar og áhrifin á námsárangur eru góð.	Yfirlitsmynd af skólanum þar sem börn, starfsfólk og foreldrar sjást (skot inni í skólabyggingu). • Nærmynd af börnum að spjalla saman á gangi skólans, glaðleg • Foreldrar og starfsfólk heilsast með handabandi á göngum skólans • Börn á tali við kennara á gangi skólans
Undirbúningur og móttaka barna (1)	N 2	Það er mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma með barni sínu í að skoða skólann sem barnið er að byrja í. Skólar eiga að boða foreldra og barn í móttökuviðtal og heimsókn áður en að skólaganga hefst. Þegar nemendur og foreldrar þeirra tala ekki íslensku eða skilja hana ekki vel á skólinn að tryggja að þeir fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.	Foreldrar og barn sitja fund með kennara og skólastjóra/deildarstjóra. • Skot á báða aðila tala • Nærmynd af starfsmanni á tali • Nærmynd af foreldrum kinka kolli • Nærmynd af foreldrum að tala (spyrja spurninga • Nærmynd af barni glaðlegu á svipinn, jafnvel kinka kolli (og tala?)
Undirbúningur og móttaka barna (2)	N 3	Að taka vel á móti börnum sem eru að hefja göngu í nýjum skóla getur dregið úr áhyggjum og kvíða sem getur skapast á meðal þeirra vegna	Foreldrar og barn skoða skólann með kennara. • Labba saman um ganga skólans

		óvissu sem ríkir í nýju umhverfi. Allir þurfa að vera meðvitaðir um komu nýs nemanda: Það getur skipt höfuðmáli fyrir upplifun barnsins fyrstu dagana í nýjum skóla.	• Starfsmaður (kennari) bendir í átt að kennslustofu, bókasafns, matsals á meðan það er labbað um skólann
Undirbúningur og móttaka barna (3)	N 4	Það er mikilvægt að þú sem foreldri kynnir þér vel hvernig skóli barnsins þíns skipuleggur móttöku þess svo þú sért undirbúinn og getir undirbúið barnið þitt.	Þulur talar beint í myndavél
Upplýsingagjöf (1)	N 5	Kennarar senda frá sér upplýsingapósta til foreldra og forráðamanna í upphafi skólaárs og svo senda flestir tölvupósta eða bréf vikulega eftir það. Margir kennarar senda upplýsingar frá sér á íslensku og ensku en ef þú sem foreldri átt erfitt með að lesa pósta á þeim tungumálum er mikilvægt að hafa samband við skólann og láta vita af því svo hægt sé að gera ráðstafanir.	Kennari situr við tölvu og skrifar upplýsingapóst til foreldra á erlendu tungumálum (skot á tölvuskjáinn þar sem enska, pólska, spænska sést).
Upplýsingagjöf (2)	N 6	Það skiptir máli að foreldrar skrái sem fyrst mikilvægar upplýsingar sem tengjast barni sínu hjá skólanum, eins og til dæmis hvort foreldrar vilja kaupa skólamáltíðir reglubundið fyrir barnið.	Foreldri situr við tölvu og skráir upplýsingar um barnið sitt í mentor • Sena af spænskri fjölskyldu sitja í stofu, mamman skráir upplýsingar um barnið sitt og sýnir pabbanum tölvuna sem situr og les bók á meðan • Skot af mentor á tölvu

Rafrænn veggur	N 7	Þegar kennari og foreldrar nemanda tala ekki sama tungumál getur verið erfitt að skrifast á. Þá getur skapast einskonar „rafrænn veggur“ á milli heimila og skóla. Þetta undirstrikar enn frekar undir mikilvægi þess að góð samskipti og traust séu byggð upp frá upphafi. Kennari og foreldrar þurfa að hittast og tala saman til þess að upplýsingar sem ekki geta borist rafrænt frá skólanum skili sér til heimilanna, og öfugt. Kennarar eru bundnir trúnaði um persónuleg málefni nemenda sinna.	Kennari situr við borð, á móti honum sitja foreldrar og barn. Kennari ýtir tölvu ákveðið frá sér (nærmynd af höndum ýta tölvu) og horfir beint á fólkið og talar við það
Líðan barna í skólanum og aðlögun námsefnis	N 8	Í skólum er námið skipulagt út frá hæfniviðmiðum sem er að finna í Aðalnámskrá grunnskóla. Þar er gert ráð fyrir því að tillit sé tekið til ólíkra þarfa nemenda eins og þeirra sem hafa íslensku sem annað tungumál. Það er mikilvægt að barnið þitt viti til hvers er ætlast af því í skólanum og að verkefni þess séu aðlöguð ef þarf. Þar skiptir tungumálið og skilningur á því miklu máli.	Kennari situr í vinnuaðstöðu sinni við tölvu með aðalnámskrá (bók) opna og býr til verkefni út frá hæfniviðmiðum. Síðan með kaflanum „íslenska sem annað tungumál“ er opin (bls. 106). • Nærmynd á kápu bókarinnar • Nærmynd á bls 106 í bókinni • Nærmynd á tölviskjá kennarans þar sem verkefni er undirbúið (sést í hæfikort á verkefnalýsingu)
Upplýsingar frá foreldrum til skóla	N 9	Ef þú hefur áhyggjur af samskiptum við bekkjarfélaga, af námi, eða vilt veita skólanum	Foreldri situr við tölvu og sendir póst til skólans

		upplýsingar um barnið þitt, er alltaf hægt að senda tölvupóst til umsjónarkennara eða hringja.	• Nærmynd af skjá þar sem enskur texti sést skrifaður
Umsjónarkennarinn	N 10	Umsjónarkennarinn er aðaltengiliðurinn sem heimilið hefur við skólann. Þess vegna er mjög gott að foreldrar gefi sér tíma til þess að hitta umsjónarkennara í móttökuviðtalinu, en þá er búið að opna fyrir samskipti á milli aðila sem koma að barninu.	Umsjónarkennari í mynd, inni í kennslustund, nemendur með. • nemanda leita til umsjónarkennara í kennslu • Réttir upp hönd/ gengur til kennara með verkefnablað
Umsjónarkennarinn	N 11	Þá eru enn meiri líkur á því að samskiptin á milli séu góð, sem skilar sér til barnsins bæði hvað líðan varðar og hvernig því gengur með námið.	Skot af umsjónarkennara spjalla við foreldra inni í skólanum, þægilegt umhverfi, fólk brosmilt til að sýna fram á tengingu umsjónarkennara á milli heimila og skóla.
Nemendur mæti undirbúnir í skólann	N 12	Það skiptir máli fyrir barnið þitt að koma undirbúið í skólann á hverjum degi. Börn í grunnskólum á Íslandi fara einu sinni eða tvisvar í viku í íþróttatíma og þurfa að mæta með viðeigandi fatnað. Það er svo að þeim líði sem best og til þess að þau geti tekið þátt í íþróttatímum. Einnig er sundkennsla í grunnskólum og þá þarf að athuga að börn komi með sundföt og handklæði fyrir sundtímana.	Skot af íþróttatíma • Nærmynd af barni í góðum íþróttafatnaði • Nærmynd af barnið taka virkan þátt í tímanum í góðum fatnaði
Nemendur mæti undirbúnir í skólann	N 13	Mikilvægt er að nefna að barnið þitt þarf annað hvort að vera skráð í mat í	Nærmynd af hollum mat • Epli, jógúrt, banani, vínber og

		skólanum eða þá að koma með nesti að heiman. Góð næring er lykillinn að því að barninu þínu líði vel og haldi betri einbeitingu í skólanum. Sumir skólar bjóða uppá að hægt sé að kaupa hressingu í nestistímum á morgnana en það þarf að kynna sér í hverjum skóla fyrir sig.	appelsína rúllar í mynd • Fiskur og grænmeti
Námið í skólanum (1)	N 14	Ef þú fylgist með skipulagi skólans og því sem á að vinna heima skilar það sér í betri líðan, en það er mikilvægt að barninu þínu líði vel í skólanum. Sýnt hefur verið fram á að töluverður meirihluti unglinga kýs að foreldrar þeirra taki þátt í að aðstoða þá við heimanám sitt, ekkert síður en yngri nemendur. Hlutverk foreldra snýr ekki að því að kenna börnum sínum og unglingum, heldur að því að hafa áhuga á því að börnunum gangi vel, sýna þeim stuðning og hvetja þau áfram.	Foreldri aðstoðar unglinginn sinn við að læra heima • Nærmynd af barninu að skrifa í bók (stærðfræði eða íslenskuverkefni sem dæmi) • Nærmynd af foreldra að lesa í verkefnabók • Nærmynd af foreldra útskýra fyrir barni • Nærmynd af foreldra áhugasömu um það sem barnið er að gera
Námið í skólanum (2)	N 15	Að kynna sér og þekkja vel skipulag skólastarfsins og helstu reglur er mikilvægt strax við upphaf skólagöngu barna. Það á við hvort sem þau eru að byrja í fyrsta skipti í íslenskum skóla eða eru að skipta um skóla.	Þulur talar beint í mynd
Námið í skólanum og forritin	N 16	Algengast er að skólar nota forrit eða vefsvæði til að birta vikuskipulag fyrir hvern	Nærmynd af mentor Nærmynd af google classroom Nærmynd af námsfús

		bekk eða nemendahóp, til dæmis Mentor eða Námfús. Þar birtast upplýsingar um stundaskrá, skipulag og námsferil nemenda ásamt því að kennarar senda stundum skilaboð til foreldra þar í gegn. Google Classroom er dæmi um vefsvæði sem margir skólar nýta sér en þar hafa kennara möguleika á að setja inn námsefni, verkefnalýsingar, hæfniviðmið og annað slíkt sem snýr að náminu. Það er mikilvægt að þið kynnið ykkur þau forrit sem skóli barnsins ykkar notast við.	
Mikilvægi vina og að tilheyra hópi (1)	N 17	Það er jafn mikilvægt að barninu þínu líði vel eins og að því gangi vel í náminu. Börn þurfa að eiga vini í skólanum og finna að þau tilheyri hópi. Það að eiga vin í skólanum snýr ekki eingöngu að því að hafa einhvern til þess að leika við heldur hefur það áhrif á þroskaferil barna. Einnig er vitað að það að eiga vini í skólanum tengist betri námsárangri.	Skólafélagar og vinir saman í hópi að tala saman í frímínútum, • Nærmynd af sömu börnum að vinna saman að verkefni í skólanum, hjálpast að utan kennslustundar
Mikilvægi vina og að tilheyra hópi (2)	N 18	Frímínútur eða matarhlé í skólum er stór partur af félagslegum þætti í lífi barna. Samskipti á milli nemenda eru oft öðruvísi á þessum tíma í skólanum en í kennslustundum. Að hvetja barnið þitt til þess að kynnast öðrum nemendum í	Nemendur úr senu N 15 hittast eftir skóla á heimili eins þeirra og “hanga saman”

		skólanum skiptir þar af leiðandi miklu máli. Ef að tengsl þín við skólann eru góð eru auknar líkur á því að þú kannist við og þekkir börnin sem eru í sama bekk og barnið þitt. Það auðveldar þér að hvetja barnið þitt til að eiga samskipti við bekkjarfélaga sína bæði innan og utan skóla.	
Réttur til aukinnar íslenskukennslu (1)	N 19	Nemendur af erlendum uppruna eiga rétt á aukinni íslenskukennslu í sínum skólum en svo virðist vera að lesskilning barna af erlendum uppruna þurfi að styrkja betur þrátt fyrir það. Það skiptir þess vegna máli að þú sem foreldri áttir þig á þeim rétti sem barn þitt á til íslenskukennslu.	Yfirlitsmynd af nemendum í íslenskukennslu. • Nærmynd af kennslubókum fyrir tvítyngda nemendur
Réttur til aukinnar íslenskukennslu (2)	N 20	Ástæðan fyrir því að það er svona mikilvægt að erlendir nemendur fái aukna íslenskukennslu er sú að allt nám byggir á lestri, lesskilningi og orðaforða	Þulur talar beint í mynd
Samantekt um mikilvægi samstarfs fyrir líðan og námsárangur (1)	N 21	Í Aðalnámskrá grunnskóla er sagt að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla, foreldra og kennara. Samstarfið á að einkennast af sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð þar sem reglubundin samskipti eiga sér stað varðandi barnið, líðan þess og nám.	Dróni: Kennari, nemandi og foreldrar standa saman fyrir framan skóla, eru glöð á svipinn, spjalla, hlæja. Létt yfir öllum.

Samantekt um mikilvægi samstarfs fyrir líðan og námsárangur (2) Lokasena	N 22	Traust og gagnkvæm virðing skipta gríðarlega miklu máli. Allir þurfa að taka höndum saman svo barninu gangi vel í námi og líði vel í skólanum og með skólafélögunum.	Þulur talar beint í mynd.

Viðauki Á: Skjáskot af forsíðu *tengjumst.hi.is*



Viðauki B: Skjáskot af undirsíðunni *Nám og líðan*





Að eiga vini í skólanum

Öll börn þurfa að eiga vini í skólanum og finna að þau tilheyri hópi. Það að eiga vin í skólanum snýr ekki eingöngu að því að hafa einhvern til þess að leika við heldur hefur það áhrif á þroskaferil barna og rannsóknir sýna að það að eiga vini í skólanum tengist betri námsárangri. Ef að þú sem foreldri ert í góðum samskiptum við skólann eykur það líkurnar á því að þú kannist við samnemendur barna þinna og getir þannig hvatt barnið þitt til þess að kynnast bekkjarfélögum sínum og til þess að eiga góð félagsleg samskipti við þau.

Félagsstörf

Það er ýmislegt í boði fyrir börn og unglinga hér á Íslandi hvað varðar félagsstörf. Um land allt eru starfandi frístundaheimili fyrir börn í 1. – 4. bekk en þar fer fram mikilvægt starf sem snýr að félagslegri virkni og þátttöku. Einnig eru starfandi félagsmiðstöðvar fyrir 10 – 16 ára börn og unglinga, en þar er meðal annars unnið að því að efla nemendur félagslega. Starfið er af ýmsum toga, má þar nefna klúbbastarf og önnur tímabundin verkefni líkt og spilakvöld og ferðir sem dæmi. Þetta þarf að kynna sér á hverju svæði fyrir sig og er best að hafa samband við skrifstofu skólans til að fá upplýsingar.

Íþróttaiðkun barna og unglinga er mikil hér á landi. Hvort sem að barnið þitt vill stunda boltaíþróttir, dans, læra á hljóðfæri eða söng ættuð þið að finna það sem er við hæfi. Ef þú átt í vandræðum með að leita þér upplýsinga varðandi slíkt starf á internetinu gæti skólinn aðstoðað þig. Einnig býður Rauði kross Íslands upp á ýmis konar aðstoð við fjölskyldur af erlendum uppruna. Má þar nefna aðstoð við heimanám sem dæmi.

Krækjur á gagnlega vefi

www.raudikrossinn.is/english.	Aðstoð við heimanám
https://sundlaugar.is/sundlaugar/ https://visitreykjavik.is/node/1998 https://www.northiceland.is/is/afthreying	Afþreying fyrir fjölskylduna: • sundlaugar landsins • söfn í Reykjavík • afþreying á norðurlandi
https://borgarbokasafn.is/	Bókasöfn
https://fristund.is/sidur/fristundastarf-sveitarfelaga https://www.samfes.is/ https://hitthusid.is/ https://reykjavik.is/felagsmidstodvar https://reykjavik.is/fristundaheimili https://reykjavik.is/thjonusta/tonlistarnam-i-reykjavik	Félagsstarf fyrir börn og unglinga: • Frístundavefurinn • Samfés • Hitt húsið • Félagsmiðstöðvar RVK • Frístundaheimili RVK • Tónlistarnám í RVK

Greinargerð um verkefnið er á skemman.is

Viðauki D: Skjáskot af undirsíðunni *Um vefinn*